

Þriðjudaginn 10. maí 1994.

Nr. 182/1994.

Faghús hf.

(Jón Magnússon hrl.)

gegn

Kristjáni Geirssyni

(Ragnar Halldór Hall hrl.)

Kærumál. Vitni.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Garðar Gíslason og Guðrún Erlendsdóttir.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með kæru 25. apríl 1994. Vísar hann um kæruheimild til b-liðar 1. mgr. 143. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 18. apríl. Sóknaraðili krefst þess að fá að leiða sem vitni verkfræðingana Björn Marteinnsson, Níels Indriðason og Stanley Pálsson, en því var hafnað með hinum kærða úrskurði. Þá krefst hann kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar.

Varnaraðili keypti húsið að Leiðhömrum 17 í Reykjavík af sóknaraðila. Húsið var þá rúmlega fokhelt. Hann seldi húsið um níu mánuðum síðar Signýju Guðbjörnsdóttur, en hafði þá í engu hreyft við framkvæmdum við húsið. Vegna vanefnda Signýjar á greiðslu kaupverðs eignarinnar stefndi varnaraðili henni fyrir Héraðsdóm Reykjavíkur. Signý Guðbjörnsdóttir taldi galla á húseigninni og gagnstefndi varnaraðila og byggði þar á matsgerð matsmanna. Dómur í því máli var kveðinn upp 29. júní 1993.

Mál þetta snýst um ábyrgð sóknaraðila á þar dæmdum göllum á húsinu að Leiðhömrum 17, Reykjavík, sem lúti að óvönduðum frágangi á vindvörn hússins og galla á útidyrhúrd.

Af hálfu sóknaraðila er því haldið fram, að sé um galla að ræða á eigninni, séu þeir á ábyrgð varnaraðila. Byggist sú varnarástæða á ágreiningi um, í hvaða ástandi hafi átt að afhenda húsið varnaraðila. Jafnframt eru bríður bornar á, að sóknaraðila hafi verið tilkynnt um kröfur Signýjar Guðbjörnsdóttur vegna galla á húseigninni, fyrr

en fyrirsvarsmaður hans var boðaður til vitnisburðar við aðalmeðferð máls hennar og varnaraðila. Af hálfu sóknaraðila er því mót-mælt, að hann hafi nokkuð komið að matsgerð hinna dómkvöddu matsmanna í því máli og telur hana ekki geta haft nokkurt gildi gagnvart sér.

Dóm þann, sem skar úr ágreiningi Signýjar og varnaraðila, skipuðu sérfróðir meðdómendur.

Í lok greinargerðar sóknaraðila í héraði er þess óskað, að aðilar og Signý Guðbjörnsdóttir komi fyrir dóm, jafnframt, að allir þeir, sem unnu að gerð hússins, verði leiddir sem vitni svo og matsmenn og dómendur (sic) máls Signýjar og varnaraðila. Með símbréfi 15. apríl, þremur dögum fyrir aðalmeðferð, óskaði lögmaður sóknaraðila síðan eftir því, að framangreind vitni yrðu einnig leidd fyrir dóm. Því var hafnað af varnaraðila með þeim rökum, að engin grein hefði verið gerð fyrir því undir rekstri málsins, hvað sanna skyldi með þessum vitnisburðum. Vitni þessi hafi ekki komið að húsbyggingunni, og ekki sé vitað til, að þeir hafi skoðað húsið.

Af hálfu sóknaraðila hefur því verið lýst fyrir Hæstarétti, að vitnin séu sérfræðingar um smíði húsa sem þessa og hyggist hann leiða þá sem slíka.

Í greinargerð sóknaraðila í héraði eru ekki brigður bornar á kunnáttu hinna dómkvöddu matsmanna til að framkvæma matið, heldur greinir aðila á um, hvor þeirra beri ábyrgð á göllunum. Þá óskar hann ekki eftir viðbótar- eða yfirmatsgerð. Málsástæður stefnda í héraði eiga að koma fram í greinargerð, sbr. 2. mgr. 99. gr. laga nr. 91/1991, og verður grundvelli máls ekki raskað án samþykkis stefnanda eftir það. Verður að fallast á það með varnaraðila að af hálfu sóknaraðila hafi ekki verið sýnt fram á, hvaða þýðingu þessi vitni hafa í málinu, sbr. 3. mgr. 46. gr. laga um meðferð einkamála. Ber því að staðfesta niðurstöðu hins kærða úrskurðar. Rétt er, að sóknaraðili greiði varnaraðila kærumálskostnað, eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Sóknaraðili, Faghús hf., greiði varnaraðila, Kristjáni Geirsyni, 30.000 krónur í kærumálskostnað.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 18. apríl 1994.

Vitni þau, sem að ofan eru nefnd, hyggst lögmaður stefnda leiða fram sem sérfræðinga um frágang og smíði timburhúsa almennt auk þess sem eitt vitnið er verkfræðingur Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins. Þessi vitni hafa ekki, að því er best verður séð, skoðað umrætt hús, sem um er deilt í máli þessu. Með vísan til 51. gr. laga nr. 91/1991 þykir verða að fallast á það með lögmanni stefnanda að umrædd vitni geti ekki vitnað um málsatvik í skilningi laganna eða svarað spurningum um atburði eða staðreyndir sem tengjast sakarefni þessu og þeir hafi kynnst af eigin raun, og verða vitni þessi því eigi leidd fyrir dóminn.
